

Opið er fyrir umsóknir um stofnframlög



Íbúðalána sjóður

Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2019 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergja-fjöldi varðar sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

Viðmiðunarstærðir

Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

| Fjöldi herbergja | Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda |
|--------------------|-----------------------------------|
| Einstaklingsíbúð | 50 m ² |
| 2ja herbergja íbúð | 60 m ² |
| 3ja herbergja íbúð | 80 m ² |
| 4ra herbergja íbúð | 95 m ² |
| 5 herbergja íbúð | 110 m ² |

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl 2019. Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 555/2016 að skila sér innan umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Umsóknarfrestur:
5. apríl 2019

